

við ofninn. Bæði litu upp og ungi maðurinn sagði :

„Góðan dag, faðir minn ! Sæl vert þú, móðir mín !“

Þau stóðu á fætur felmtursfull. Í fátinu lét bóndakonan sáþuna falla niður í vatnið og stam- aði út úr sér :

„Er það þú, barnið mitt ? Er það þú barn ?“

Hann vafði hana örmum og þrýsti að brjósti sér og tók upp aftur : „Sæl vert þú, mamma“. En öldungurinn, sem allur skalf á beinum, sagði með stillingunni, sem aldrei hafði yfirgefið hann : „Hér ert þú þá kominn aftur, Jón,“ eins og hann hefði verið þar fyrir mánuði.

Þegar þau voru farin að kynnst, langaði foreldrana til að fara með drenginn út í nágrennið og sýna. Þau fóru með hann til borgarstjórans, prestsins og skólameistarans.

Kalli stóð á þröskuldi kotbýlisins og horfði á eftir honum, er hann gekk fram hjá.

Við kveldverð sagði hann við foreldra sína : „Þið voruð ljótlega heimsk að láta Vallinsdrenginn verða fyrir slíku happi“.

Móðir hans svaraði með vanalegu stíflyndi : „Eg vildi víst ekki selja barnið mitt !“

Faðir hans sagði ekkert. Sonurinn hélt áfram :

„Það var mikil óhamingja, að þið skylduð fórna mér með þessu móti“. Þá sagði Tuvache gamli reiðilega :

„Ætlar þú að fara að ávíta okkur fyrir að